

SAMÞYKKT

um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar er skipuð 11 bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

2. gr.

Nýkjörin bæjarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag, sbr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga. Jafnlengi heldur fráfarandi bæjarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Áður en nýkjörin bæjarstjórn tekur við störfum hefur hún ekki umboð til töku ákvarðana um málefni bæjarstjórnarinnar eða bæjarfélagsins.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Reykjanesbæjar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, annarra laga og samþykkt þessari. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sam-eiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarfélagið taki að sér verkefni sem varða íbúa bæjarfélagsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Reykjanesbæjar er eftirfarandi:

- Kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og IV. kafla samþykktar þessarar og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki til að endurskoða bókhald hjá bæjarfélaginu.
- Setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
- Fara með fjárfjárvald bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar. Bæjarstjórn ber að tryggja að ákvæðum laga um fjármál sveitarfélaga sé fylgt.
- Ákveða stjórnskipan bæjarfélagsins og ráða bæjarstjóra og starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu, sbr. starfsmannastefnu Reykjanesbæjar.

II. KAFLI

Fundur bæjarstjórnar og fundarsköp.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, fyrsta og þriðja þriðjudag og skulu þeir að jafnaði hefjast kl. 17.00. Bæjarstjórnarfundir falla niður á sumarleyfistíma, þ.e. báðir fundir í júlí og fyrri fundur ágústmánaðar.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótakvæðalaust á næsta fundi bæjarstjórnar á undan, sbr. 2. mgr. 14. gr. sveitarstjórnarlaga.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og/eða forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn, ef a.m.k. fjórir bæjarfulltrúar krefjast þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá bæjarfulltrúi sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar átt jafnlanga setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri, að undanskilinni 8. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það.

10. gr.

Íbúum bæjarfélagsins skal kunngert með auglýsingu á vefsíðu bæjarfélagsins hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar skal það auglýst með áberandi hætti á vefsíðu bæjarfélagsins hvar og hvenær fundir bæjarstjórnar verða haldnir.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka fyrir:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta og varaforseta, kosningar nefnda, formanna nefnda, ráða og stjórnar á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöðum hjá bæjarfélaginu, sbr. 6. gr. samþykktar þessarar.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórnar á vegum bæjarfélagsins, sbr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Bæjarfulltrúi, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund, sbr. 3. mgr. 35. gr. samþykktar þessarar.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

12. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi fjórum sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa sent bæjarfulltrúum og jafnmörgum varafultrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum með rafrænum hætti.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg bæjarbúum þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu bæjarfélagsins, skrifstofu bæjarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma, á heimasíðu Reykjanesbæjar eða með öðrum hætti sem bæjarstjórn ákveður.

14. gr.

Bæjarstjóri skal með sama hætti senda bæjarfulltrúum og jafnmörgum varafultrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Oddviti bæjarstjórnar kallast forseti bæjarstjórnar og fyrsti og annar varaoddviti, fyrsti og annar varaforseti bæjarstjórnar.

Kjörtímabil forseta og varaforseta er eitt ár. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta bæjarfulltrúa, skal hann víkja sæti og kjör forseta fara fram á ný.

Sá telst rétt kjörinn forseti sem fær atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meirihluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar og skal beitt hlutfallskosningu, sbr. 5. mgr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta, 1. og 2. varaforseta til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins þegar að því loknu. Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra. Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

16. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir. Heimilt er að senda fundi bæjarstjórnar út í gegnum netið eða með öðrum hætti sem forseti leyfir hverju sinni.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum laga um mannvirki og byggingarreglugerðar um aðgengi fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum, sbr. 1. mgr. 16. gr. sveitarstjórnarlaga. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum.

Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn. Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

17. gr. B

Fjarfundabúnaður.

Forseti getur við sérstakar aðstæður heimilað bæjarfulltrúa að taka þátt með rafrænum hætti í fundum bæjarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Þegar bæjarfulltrúi tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innanlands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins hafa sömu heimildir og bæjarfulltrúar skv. 1. mgr.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu réttar og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjar-

Commented [USBB1]: Viðbót sem forsetanefnd hefur fjallað um og afgreitt. Til samræmis við breytingar á samþykktum annarra sveitarfélaga. Þessi heimild er til samræmis við opinber fyrirmæli.

xx. desember 2022

Nr. xxx

stjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað. Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meirihluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag, sbr. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins, skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

22. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brynni skyldustörf eða veikindi.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Forseti bæjarstjórnar getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundum. Heimilt er bæjarfulltrúa að láta bæjarstjórn greiða atkvæði um slíka ákvörðun forseta.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra og óska eftir því að varamaður verði boðaður í hans stað.

Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 5. mgr. skal leggja fram á fyrsta eða öðrum fundi bæjarstjórnar að loknum kosningum og gildir hún til loka kjörtímabilsins, sbr. 4. mgr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Um hæfi bæjarstjórnarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna bæjarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.

Bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa og starfsmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Ákvæði þetta tekur einnig til samningagerðar fyrir hönd bæjarfélagsins.

Bæjarfulltrúar, nefndarfulltrúar og starfsmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar og nefndarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó ekki við um bæjarstjóra.

Ákvæðið 4. mgr. á ekki við þegar bæjarstjórn fjallar um og afgreiðir ársreikninga, fjárhagsáætlanir, skipulagsáætlanir eða aðrar almennar áætlanir bæjarfélagsins, enda eigi bæjarstjórnarmaður ekki sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta umfram aðra við afgreiðslu viðkomandi málefnis.

Bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa og starfsmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli forseta bæjarstjórnar á því.

Bæjarstjórn og nefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa kunni að vera vanhæfur. Bæjarfulltrúa eða nefndarmanni er heimilt, við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða, að taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi, nefndarmaður og starfsmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls, má ekki taka þátt í meðferð þess og skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar eða nefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafí tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

25. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hvern dagskrárlið. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli, til að gera athugasemd um fundarstjórn forseta eða ef forseti heimilar það.

Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hvern dagskrárlið.

Ekki er heimilt að ræða mál utan dagskrár nema með leyfi forseta.

26. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann ákveðið að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu

29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs, stjórnar eða bæjarstjóra. Máli, sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd. Að því búnu leitar forseti móttakvæða með sama

hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. fjórir bæjarfulltrúar óska þess. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það niður, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við kjör forseta bæjarstjórnar.

32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða.

Fundargerðir bæjarstjórnar skal skrá í tölvu. Í gerðabók bæjarstjórnar skal bóka númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók, fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Heimilt er að nota rafrænar undirskriftir. Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út, lesin upp og hún undirrituð af bæjarfulltrúum. Forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn bæjarfulltrúi skulu setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem blaðsíðusettar skulu í hlaupandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók bæjarstjórnar til varanlegrar varðveislu. Fundargerðir sem eru undirritaðar með rafrænum undirskriftum skulu varðveittar rafrænt.

Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða. Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í bæjarstjórn. Forseti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að allar umræður í bæjarstjórn skuli skrásettar. Má þá ekkert niður fella sem fram hefur komið á fundi bæjarstjórnar og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera, nema leiðréttá þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Bæjarstjórn getur einnig ákveðið að umræðurnar skuli gefnar út á prenti, ásamt því sem fest hefur verið í gerðabækur, svo og önnur skjöl, eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

Ef bæjarstjórn ákveður slíka útgáfu, skal hún jafnframt kjósa nefnd tveggja bæjarfulltrúa ásamt forseta til að hafa umsjón með útgáfunni.

Umræður á bæjarstjórnarfundum skulu hljóðritaðar. Eftir hvern bæjarstjórnarfund, þar sem umræður hafa verið skrásettar samkvæmt framanrituðu, skulu allir bæjarfulltrúar hafa aðgang að afriti fundargerðar ásamt fylgiskjölum hennar.

Bæjarstjórn er heimilt að láta senda beint frá fundum sínum, svo sem í gegnum streymisveitur, vefsíður eða með öðrum sambærilegum hætti.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

33. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli. Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarfélagsins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarfélagsins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

Bæjarstjórn skal setja sér siðareglur sem staðfestar skulu af samgöngu- og sveitarstjórnar-ráðuneytinu. Öllum kjörnum fulltrúum ber að haga störfum sínum í samræmi við settar siðareglur.

35. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, s.s. fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál sem sérstaklega varða hagsmuni bæjarfélagsins eða verkefni þess tekin á dagskrá bæjarstjórnarfundar. Mál skulu tekin á dagskrá hafi þau borist skrifstofu bæjarstjóra fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund. Mál sem ekki er tilgreint á útsendri dagskrá bæjarstjórnarfundar verður ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna, sbr. 2. mgr. 27. gr. sveitarstjórnarlaga.

36. gr.

Vegna starfa sinna í bæjarstjórn skal sérhver bæjarfulltrúi eiga rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnýslyu bæjarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í bæjarstjórn.

Nú vill bæjarfulltrúi afla gagna og skal hann þá beina fyrirspurn til bæjarstjóra sem skal sjá til þess að henni verði svarað. Bæjarfulltrúi getur einnig lagt fram skriflega fyrirspurn í bæjarstjórn eða bæjarráði. Um framlagningu fyrirspurnarinnar fer líkt og um nýtt dagskrármál bæjarfulltrúa væri að ræða, sbr. 3. mgr. 11. gr. samþykktar þessarar.

37. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

38. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 21. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 3. mgr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarfélagsins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslu skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórninni.

IV. KAFLI

Bæjarráð, nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Bæjarstjórn kys fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá. Við hlutfallskosningu í nefndir skal gætt að jöfnu kynjahlutfalli, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga.

44. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og eru aðalmenn í bæjarstjórn einir kjörgengir.

Bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður verða varamenn hans í bæjarráði í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Framboðsaðili, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í bæjarráði, má tilnefna áheyrnarfulltrúa, með málfrelsi og tillögurétt, í samræmi við 50. gr. sveitarstjórnarlaga. Hið sama á við um fastanefndir sem hefur verið falið fullnaðarákvörðunarvald, þó ekki barnaverndarnefnd.

45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Fundarboð skal senda með sama hætti og fundarboð bæjarstjórnarfundar.

Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann sinn eða hlutast til um að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal bæjarstjóri boða varamann hans á fund.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann

úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð ræður sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Bæjarráð fer, ásamt bæjarstjóra, með framkvæmdastjórn bæjarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnýslu bæjarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Heimilt er að setja á laggirnar framkvæmdastjórn Reykjanesbæjar. Í henni sitja helstu stjórnendur Reykjanesbæjar undir forystu bæjarstjóra.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar.

Heimilt er að fela bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Þá er heimilt að fela bæjarráði fullnaðarafgreiðslu annarra mála nema lög mæli á annan veg.

Meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

50. gr.

Bæjarstjóri boðar fastanefndir saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa varaformann og ritara nefndar.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir nema lög kveði á um annað. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju. Varamenn taka sæti fyrir aðalmenn sína í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn, og aðalmaður í nefnd er forfallaður, taka varamenn af þeim lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef flokkar eða framboðslistar til bæjarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum taki sæti í samræmi við 3. mgr. 47. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög og eðli máls hamli því ekki. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II., III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnun bæjarfélagsins, eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur á grundvelli ákvæða í samþykkt um stjórn Reykjanesbæjar eða í sérstökum viðauka með samþykkt þessari falið fastanefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

Bæjarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessari grein í samræmi við 24. gr. stjórnáskilslutlaga nr. 37/1993.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó með heimild bæjarstjórnar ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarfélagsins skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir, sbr. 11. gr. samþykktar þessarar. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

57. gr. A

Bæjarstjórn kýs [eða eftir atvikum skipar](#) í eftirtaldir nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Fimm aðalfulltrúar í bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 44. gr. samþykktar þessarar.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Framtíðarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
2. *Forsetanefnd.* Nefndin er skipuð forsetum bæjarstjórnar.
3. *Almannavarnanefnd.* Einn aðalmaður og einn til vara, skv. 9. gr. laga nr. 82/2008 um almannavarnir og skv. samkomulagi um almannavarnanefnd Suðurnesja.
4. ~~*Barnaverndarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.~~
5. ~~*Búfjárefirtiltsmaður.* Einn og annar til vara, sameiginlega með öðrum sveitarfélögum á Suðurnesjum, skv. IV. kafla laga nr. 103/2002 um búfjárhald þ.f.l.~~
6. ~~*Velferðarráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.~~
7. ~~*Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara, skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.~~
8. ~~*Yfirkjörstjórn.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Undirkjörstjórn: Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Undirkjörstjórnir skulu vera jafnmargar og kjördeildir í bæjarfélaginu og heimilt er að kjósa þær síðar.~~
9. ~~*Landsfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Fulltrúafjöldi skv. lögum og samþykktum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúar sitja landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga með umboð Reykjanesbæjar.~~

Commented [USBB2]: Önnur skipan barnaverndarmála, samkvæmt nýjum lögum, tekur gildi frá og með 1. janúar 2023.

Commented [USBB3]: Bæjarstjórn kýs ekki lengur búfjárefirtiltsmann.

- ~~10.8.~~ Stjórn Reykjaneshafnar. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
- ~~11.9.~~ Umhverfis- og skipulagsráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 3. mgr. 6. gr. skipulags- laga nr. 123/2010.
- ~~12.10.~~ Fræðsluráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 6. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.
- ~~13.11.~~ Íþrótt- og tómstundaráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
- ~~14.12.~~ Lýðheilsuráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
- ~~15.13.~~ Menningar- og atvinnuráð (stjórn Súlunnar). Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.

C. Til fimm ára

1. Umdæmisráð barnaverndar. Bæjarstjórn skipar þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 með síðari breytingum. Ráðið skal skipa einn félagsráðgjafa, einn sálfræðing og einn lögfræðing, sem jafnframt er formaður ráðsins. Ráðsmenn skulu í það minnsta hafa þriggja ára starfsreynslu í barnvernd. Ráðsmaður þarf ekki að eiga lögheimili í umdæmi viðkomandi umdæmisráðs en ekki er heimilt að skipa ráðsmann sem starfar við barnaverndarþjónustu í viðkomandi umdæmi. Starfsfólk barnaverndarþjónustu fer með vald til fullnaðarafgreiðslu mála með samþykkt þessari skv. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, nánar tiltekið teymisstjóri barnaverndarþjónustu, ásamt félagsráðgjöfum og ráðgjöfum í barnaverndarþjónustu. Sé ekki mælt fyrir um það í reglum sveitarfélagsins, samþykkt þessari eða lögum hver hefur heimild til að taka ákvörðun f.h. barnaverndarþjónustu Reykjaneshafnar hefur teymisstjóri barnaverndarþjónustu eða sviðsstjóri velferðarsviðs heimild til að taka slíka ákvörðun. Barnaverndarþjónustan ber ábyrgð á öllum verkefnum og ákvörðunum sem byggja á barnaverndarlögum sem ekki hafa verið falin öðrum þ.m.t. umdæmisráði, dómstólum eða öðrum stjórnvöldum sbr. 2. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Velferðarráði er falin yfirstjórn barnaverndarþjónustunnar skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

57. gr. B

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir umboði sínu þar til nýkjörin bæjarstjórn hefur kjörið nýjar nefndir í þeirra stað, sbr. 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í bæjarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Um endurskipun í nefndir skal fara samkvæmt 49. gr. sveitarstjórnarlaga. Í forföllum aðal- og varamanns í nefndum eða ráðum skulu fulltrúar þess framboðslista sem þeir eru fulltrúar fyrir taka sæti í nefnd eða ráði í sömu röð og á listanum.

57. gr. C

Bæjarstjórn gefur út að tillögu forsetanefndar erindisbréf fyrir ráð, nefndir og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk, valdsvið og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir, samþykktir eða verklagsreglur og samþykktir bæjarstjórnar.

58. gr.

Kjör í stjórnir félaga á vegum Reykjaneshafnar, tilnefningar í stjórnir á vegum SSS (Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum) eða til annarra verkefna sem ekki eru talin upp í 57. gr. A skal fara fram í bæjarráði eða samkvæmt ákvörðun bæjarráðs.

59. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar eða fyrr ef verkefni nefnda er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Framkvæmdastjórn og starfslið bæjarfélagsins.

60. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

61. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarfélagsins. Hann er æðsti yfirmaður annars starfsliðs bæjar-

félagsins. Hann skal sjá um að stjórnssýsla bæjarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda, sbr. 14. gr. samþykktar þessarar.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarfélagsins með sömu réttindum. Hann skal sjá til þess að fundir nefnda séu vel undirbúnir svo að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað. Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóra er heimilt, með samþykki bæjarstjórnarinnar, að veita öðrum starfsmanni bæjarfélagsins prókúru. Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsfólks bæjarfélagsins. Bæjarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

62. gr.

Bæjarráð ræður í umboði bæjarstjórnar starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu, sbr. ákvæði starfsmannastefnu Reykjanesbæjar.

63. gr.

Forstöðumenn og millistjórnendur ráða aðra starfsmenn og veita þeim lausn frá störfum, sbr. ákvæði starfsmannastefnu Reykjanesbæjar.

64. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur.

Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga. Þagnarskylda hvílir á öllum starfsmönnum bæjarfélagsins.

65. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI.

KAFLI

Fjármálastjórn bæjarfélagsins.

66. gr.

Fjármálastjórnarvald Reykjanesbæjar er í höndum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir bæjarfélagið sem felur í sér heildaráætlun um fjármál bæjarfélagsins á tímabilinu. Fjárhagsáætlun næsta árs felur í sér bindandi ákvörðun um allar fjárhagslegar ráðstafanir bæjarfélagsins á því ári sem hún tekur til.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri bæjarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs og stofnana bæjarfélagsins við upphaf áætlunar-tímabilsins.

Bæjarráð leggur tillögu um fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Bæjarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu skal afgreiða hana, þó ekki síðar en 15. desember. Ráðherra getur að ósk bæjarstjórnar veitt henni lengri tíma til afgreiðslu fjárhagsáætlunar ef brýn nauðsyn krefur.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga.

Bæjarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum hans.

67. gr.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig

hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

68. gr.

Ákvörðun sem bæjarstjórn tekur skv. 66. gr. um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu bæjarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Fjárhagsáætlun skv. 66. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármála- stjórn bæjarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjar- stjórninni.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

69. gr.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt.

70. gr.

Í undantekningartilvikum má gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar bæjarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er og erindi um slíka heimild lagt fram á næsta fundi bæjarstjórnar.

71. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar skal senda samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. fjárhagsáætlun skv. 66. gr. og þriggja ára áætlun skv. 66. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 69. gr.

72. gr.

Bæjarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að bæjarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Bæjarstjórn skal fullnægja skyldu sinni m.a. með því að ákveða að samantögd heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum, heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga og reglugerðar.

73. gr.

Bæjarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna bæjarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Reykjanesbæ er óheimilt að fjárfesta í hagnaðarskyni nema um sé að ræða verkefni sem honum hefur með lögum verið falið eða heimilað að sinna. Þó er Reykjanesbæ heimilt að taka þátt í verkefnum í ljósi brýnna samfélagslegra hagsmuna en þó þannig að áhætta vegna þátttöku í þeim gangi ekki gegn ábyrgri meðferð fjármuna.

74. gr.

Áður en bæjarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hæri fjárhæð en 20% af skatttekjum bæjarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag bæjarfélagsins. Í mati skal gera grein fyrir kostnaðaráætlun og forsendum hennar, áhrifum á fjárhag sveitarfélagsins til lengri tíma og áhrifum af rekstrarkostnaði sé um hann að ræða. Mat skal framkvæmt af sérfróðum aðila sem ekki er tengdur bæjarfélaginu.

75. gr.

Bæjarstjórn skal ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem skal annast endurskoðun ársreikninga bæjarfélagsins. Endurskoðandi skal við endurskoðun kanna bókhaldsgögn bæjarfélagsins og aðra þætti er varða rekstur hans og stöðu. Endurskoðandi gerir grein fyrir álitu sínu

í áritun á ársreikninginn.

Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

Endurskoðandi skal kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort stjórn-sýsla og einstakar ákvarðanir hafi verið í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélaga, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.

Endurskoðandi bæjarfélagsins skal skila skriflegri skýrslu til bæjarstjórnar um mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðun og könnun. Í skýrslunni skal sérstaklega, ef við á, geta um veikleika í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.

Endurskoðandi skal hafa aðgang að öllum þeim upplýsingum og gögnum sem þörf er á vegna endurskoðunar.

Berist bæjarstjórn skriflegt álit endurskoðanda um að reikningsskil eða fjármál bæjarfélagsins séu ekki í samræmi við kröfur skal forseti bæjarstjórnar tryggja að álitid hafi borist öllum aðalmönnum í bæjarstjórn ekki síðar en sjö dögum eftir að það liggur fyrir.

76. gr.

Nú er bæjarfélagid í slíkri fjárþröng að bæjarstjórn telur sér ekki unnt að standa í skilum og skal hún tilkynna það til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Á sama hátt skal bæjarstjórn gera eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga viðvart telji hún að fjármál bæjarfélagsins séu ekki í samræmi við sveitarstjórnarlög.

77. gr.

Ársreikningur bæjarfélagsins skal fullgerður, samþykktur af bæjarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda. Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja hans eigi síðar en 15. maí ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn. Eintak af ársreikningnum skal senda samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert ásamt skýrslu endurskoðanda.

VII.

KAFLI

Lýðræði.

78. gr.

Bæjarstjórn skal leitast við að tryggja íbúum bæjarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika á að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn bæjarfélagsins og undirbúning stefnumótunar, m.a. með því að standa að virkri upplýsingagjöf til íbúa, halda íbúafundi, hafa samráð við íbúa og skipa íbúaráð o.s.frv.

79. gr.

Bæjarstjórn ákveður hvort haldinn skuli borgarafundur í bænum, sbr. þó 108. gr. sveitarstjórnarlaga. Framkvæmd borgarafunda skal vera í samræmi við sveitarstjórnarlög. Ályktanir almennra borgarafunda eru ekki bindandi fyrir bæjarstjórn.

80. gr.

Bæjarstjórn ákveður hvort fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla meðal íbúa bæjarfélagsins um einstök málefni þess, sbr. þó 108. gr. sveitarstjórnarlaga. Framkvæmd atkvæðagreiðslna skal vera í samræmi við sveitarstjórnarlög.

Ef minnst 10% af þeim sem kosningarrétt eiga í bæjarfélaginu óska borgarafundar skv. 105. gr. sveitarstjórnarlaga skal bæjarstjórn verða við því svo fljótt sem unnt er.

Nr. 622

18. júní 2019

Ef minnst 25% af þeim sem kosningarrétt eiga í bæjarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 107. gr. sveitarstjórnarlaga skal bæjarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst. Skal atkvæðagreiðslan fara fram í samræmi við 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

81. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Reykjanesbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar nr. ~~622/000/2013-2019~~ með síðari breytingum.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu Innviðaráðuneytinu, ~~xx18. júní~~ 20192022.

F. h. r.
Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

B-deild – Útgáfud.: ~~xx2. júní~~ 20192022